

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði laga nr. 73/1964 gilda um þá, er hafa hafið nám í skólanum, áður en lögin taka gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. janúar 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 31. desember 1972 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

53. gr. I., 1. málsg., breytist á þá lund, að í stað orðanna „Hvert stig er miðað við ákveðnar þekkingarkröfur: 1. stig tóknar minnstar kröfur, 2. stig meiri kröfur, 3. stig mestar kröfur“, komi:

Stúdentar skulu að jafnaði taka fyrst próf 1. stigs, síðan 2. stigs og loks hins þriðja. Þó skal stúdentum með leyfi heimspekideildar heimilt að taka prófin í annarri röð.

53. gr. I., 2. málsg., breytist á þá leið, að aftan við lokasetningu málsgreinarinnar, „Heimaritgerðum skal skila eigi síðar en hálfum mánuði áður en skrifleg próf í háskólanum hefjast“, bætist: ef ritgerð er ekki sérstakur prófþáttur.

53. gr. I., 6. málsg., orðist svo:

Heimilt er að skipta prófi á hverju stigi í grein í prófþætti. Skal þá gefa einkunn fyrir hvern prófþátt um sig, en stigeinkunn skal vera vegið meðaltal prófþáttaeinkunnna samkvæmt reglum, sem deildin setur um vægi prófþátta á hverju prófstigi. Heimilt er, að stúdent ljúki stigi í prófþáttaskiptri grein á fleiri próftímabilum en einu. Skal stúdent hljóta hina tilskildu lágmarkseinkunn 7 í hverjum þætti. Nú nær stúdent ekki tilskilinni lágmarkseinkunn í prófþætti, og er honum þá heimilt að endurtaka próf í þeim prófþætti einum. Stúdent er óheimilt að ganga undir próf á tilteknu stigi fyrir en hann hefur lokið öllum prófþáttum næsta stigs á undan, sbr. þó 1. mgr. Heimilt er, að heimaritgerð komi í stað prófþáttar eða hluta af prófþætti samkvæmt 5. mgr.

2. gr.

57. gr. b., 2. málsg., orðist svo:

Halda má prófæfingar utan próftíma. Við gjöf einkunnna í prófgrein má taka tillit til prófæfinga og úrlausna skriflegra og verklegra æfingaverkefna í greininni. Einkunn fyrir slíkar æfingar (hluteinkunn) má vega allt að einum þriðja við einkunnagjöf á misserisprófi í greininni og skal kennari ákveða vægi hennar í upphafi misseris. Deildarfulltrúi skal varðveita hluteinkunnir þessar meðan stúdentinn er skráður við deildina.

Í stað 3. og 4. málsg. 57. gr. b. komi fjórar nýjar málsgreinar, er verða 3.—6. málsg., svo hljóðandi:

Skráður stúdent hefur rétt til að gangast undir próf, enda hafi hann lokið tilskildum æfingum í prófgreininni, sbr. lið 56 f., síðustu málsgrein, og gengið undir próf fyrri kennsluára, sjá næstu málsgrein.

Stúdentar skulu ganga undir próf í a. m. k. 20—25 e á hverju kennsluári, samkvæmt nánari reglum, sem deildin setur. Heimilt er að endurtaka próf í einstökum prófgreinum, og skal það þá gert við næsta tækifæri. Ógildist þá próf, sem áður var tekið í greininni. Ekki er skylt að endurtaka verkleg viðfangsefni, sem hafa áður verið tekin gild. Próf má aðeins endurtaka einu sinni, nema deildin sjái lögmæta ástæðu til undanþágu, sbr. þó sérreglur hér á eftir.

Til þess að hljóta rétt til áframhaldandi náms í deildinni, skal stúdent hafa staðizt próf í tilteknum einingafjölda, sem miðast við árafjöldann frá innritun hans, skv. nánari reglum, sem deildin setur.

Heimilt er deildinni að setja reglur um, að tilteknar greinar teljist nauðsynleg undirstaða náms í öðrum greinum á síðari námsárum. Getur deildin þá gert kröfu um próf eða aðra nægilega þátttöku í undirstöðugreinunum, áður en nám í hinum síðarnefndu greinunum getur hafizt.

Núverandi 5. málsg. verði 7. málsg.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. janúar 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Árni Gunnarsson.